

Alþingi
Erindi nr. P 139/2
komudagur 1.10.2010

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Snæfellsbæ 14.09.2010

Efni: Beiðni um framlag á fjárlögum vegna lendingarbóta í Snæfellsbæ.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar leyfir sér að óska eftir að í fjárlögum fyrir árið 2011 verði fjármagni veitt til lendingarbóta að Búðum og á Hellnum í Snæfellsbæ.



Bæjarstjórn Snæfellsbæjar fer hér með fram á það að við gerð fjárlaga fyrir árið 2011 verði veittur styrkur að upphæð kr. 950.000,- vegna lendingarbóta að Búðum og á Hellnum í Snæfellsbæ. Vegna mikils fjölda ferðamanna er nauðsynlegt að halda áfram að auka öryggi þeirra og hafa öryggismál þessara staða í sem allra besta lagi.

Með vísan til framangreinds er þess hér með farið á leit við háttvirta fjárlaganefnd Alþingis, að veitt verði fjárframlög á fjárlögum ársins 2011 til lendingarbóta á Búðum og Hellnum.

Virðingarfyllst,

Kristinn Jónasson
bæjarstjóri



Afrit:


Samgönguráðuneytið.
X Samgöngunefnd Alþingis.
Siglingastofnun Íslands.
Þingmenn Norðvesturkjördæmis.

Fjarlaganefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Snæfellsbæ, 14.09.2010

Efni: Beiðni til fjarlaganefndar Alþingis um að óskert framlag verði til vegaframkvæmda á Fróðárheiði.

Enn og aftur er farið fram með þessa beiðni til fjarlaganefndar, en rétt er að geta þess að loforð um framkvæmdir við Fróðárheiði eru all gömul og íbúar svæðisins orðnir langþreyttir á að ekki hafi verið lokið við verkið eins og gefin voru loforð um þegar Snæfellsbær varð til á síðustu öld eða 1994.



Í vegaáætlun 2006-2010 var gert ráð fyrir að fé til framkvæmda á Fróðárheiði á árunum 2008-2010 væri 662 m.kr og átti það að duga til að klára vegaframkvæmdir á Fróðárheiði.

Þriðja áfanganum, sem er 7 km langur, er enn ólokið og er síðasti áfanginn í því að koma bundnu slitlagi á Fróðárheiði. Hönnun vegarins er búin og tilbúin til útboðs.


Rétt er að það komi fram til upprifjunar að 600 m.kr. voru eymamerktar þessu verkefni sem mótvægisáðgerð til Snæfellsbæjar vegna þorskiðurskurðar sem bæjarfélagið varð fyrir.

Fróðárheiði er mikilvægur innanbæjarvegur fyrir íbúa Snæfellsbæjar og þurfa m.a. sjúkra- og slökkvibífreiddar að nota hann til að þjónusta íbúa. Sem dæmi má nefna að vegalengdin frá Lysuhólsskóla til Ólafsvíkur er 25 km ef farið er yfir Fróðárheiði, en ef fara yrði fyrir Jökul er hún 70 km.




Með vísan til framangreinds er þess hér með farið á leit við háttvirta fjárlaganefnd Alþingis, að veitt verði fjárframlög á fjárlögum ársins 2011 til vegaf framkvæmda á Fróðárheiði.

Virðingarfyllt,



Kristinn Jónasson
bæjarstjóri



Afrit:

**Þingmenn Norðvesturkjördæmis.
Samgönguráðuneytið
Vegagerðin
Samgöngunefnd Alþingis**

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Snæfellsbæ, 14.09.2010


Efni: Beiðni til fjárlaganefndar Alþingis um að óskert framlög verði til hafnarmála í Snæfellsbæ

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar óskar eftir því að þau fjárframlög sem nú eru á samgönguáætlun til hafnarframkvæmda í Snæfellsbæ verði óskert.

Það er öllum ljóst að mikilvægi hafna í Snæfellsbæ er afar mikið enda byggir samfélagið afkomu sína mest á veiðum og vinnslu sjávaraflla. Til að svo geti orðið áfram er afar brýnt að halda áfram þeirri uppbyggingu á hafnarmannvirkjum sem hefur verið á undanförmum árum.

Með vísan til framangreinds er þess hér með farið á leit við háttvirta fjárlaganefnd Alþingis, að veitt verði fjárframlög á fjárlögum ársins 2011 til hafnarmála í Snæfellsbæ.

Vindangerfyllst,


Kristinn Jónasson
bæjarstjóri



Afrit:

*Þingmenn Norðvesturkjördæmis.
Samgönguráðuneytið
Siglingastofnun
Samgöngunefnd Alþingis*